

REGLUGERÐ

um gestagjöld á Þingvöllum.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka eftirtalin gjöld:

- a. Fyrir gistingu á tjaldstæðum sem hér segir:
 1. Fyrir einstaklinga á aldrinum 14 til 66 ára kr. 450 fyrir hverja nótt.
 2. Fyrir einstaklinga 67 ára og eldri kr. 225 fyrir hverja nótt.
- b. Fyrir köfun kr. 1.000 á dag eða kr. 5.000 á ári.

2. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka gjald fyrir leyfi til að veiða í Þingvallavatni samkvæmt samþykktum Veiðifélags Þingvallavatns.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 26. apríl 1995.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu verðjöfnunargjald af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á sem krónur á kíló. Þó skal samanlagður tollur og verðjöfnunargjald aldrei vera hærri en 46% af tollverði vöru í vöruliðum 1806 og 1901, 90% af tollverði vöru í vörulið 1902 og 37% af vöru í vörlið 1905.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
1806.2009	50	1901.2022	40
1806.3101	54	1901.2029	52
1806.3109	54	1902.1100	13
1806.3202	50	1902.2031	46
1806.3203	22	1902.3031	46
1806.3209	22	1905.2000	36
1806.9022	19	1905.3011	16

1806.9023	51	1905.3019	17
1806.9025	56	1905.3021	36
1806.9026	51	1905.3029	21
1806.9028	50	1905.3030	12
1806.9029	50	1905.4000	18
1901.2012	25	1905.9011	45
1901.2013	18	1905.9019	6
1901.2014	36	1905.9020	5
1901.2015	12	1905.9040	40
1901.2016	18	1905.9090	52
1901.2017	45	2103.9002	14
1901.2018	6	2104.1003	3
1901.2019	5	2104.1004	3

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vörflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu verðjöfnunargjalds, skulu ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á svo og ákvæði reglugerða og annarra firmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu verðjöfnunargjalds samkvæmt þessari auglýsingu og standa skil á því í ríkissjóð eftir firmælum sem fjármálaráðuneytið setur, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af hráefnum sem verðjafna á fyrir.

5. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 120. gr. A tollalaga nr. 55/1987, sbr. lög nr. 18/1993, gildir frá 1. maí 1995 til 31. júlí 1995. Þó skal verðjöfnunargjald á vörur í tollskrárnúmerum 1902.2031 og 1902.3031 ekki taka gildi fyrr en 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 67/1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. apríl 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.